

Þegar Þjóðhátadeild Þjóðminjasafns spurði afa minn spjörunum úr

47 Lifnaðarhættir í þéttbýli I. Uppvaxtarár

Nr. 7813

p1

Vilhelm Kristinsson, f. 1903. "Ég er fæddur 1903 en flyt svo ? niður á Vatnsstíg 8 og á þar heima alveg þangað til ég var 25 ára gamall. Svo flyt ég þaðan þegar ég gifti mig, yfir á Laufásveg 50 og er þar í 9 ár og flyt svo hingað, á Hringbraut 76, 1946 og það eru að verða 50 ár síðan í apríl. Maður byrjaði sem krakki að vinna á stakkstæðunum við Lindargötuna... það passaði fyrir einum snúð. Það er nú þetta fyrsta sem maður gat unnið. Það voru stakkstæði alveg frá Kveldúlfi og inn að Sjávarborg, alveg inn að Iðunni. Þar var unnið við breiðslu sem var hægt að vinna þegar maður var krakki. Og svo var maður sendur í sveit og þar var ég í fimm ár held ég, fimm sumur, réttara sagt. Og eftir það var ég þrjú ár hjá Haraldi Árnasyni, sendisveinn. Og svo fór ég til sjós. Fyrst sem hjálparkokkur á togara og síðan háseti. Nú, eftir það 1927, þá byrjaði ég hjá Reykjavíkurhöfn, við að sprengja skip sem sökk úti á ytri höfninni. Og eftir það byrjaði ég sem hafnarvörður hjá Reykjavíkurhöfn og er þar í 44 ár. Þetta er nú það sem ég hef verið að gera. Þessir krakkar sem... voru mikið samrýmd, voru mikið saman, héldu mikið hópinn. Nú, það var eins og vanalega leikir hjá okkur krökkum, boltaleikir. Nú svo var maður að stelast inn í sundlaugar. Ég lærði að synda þegar ég var ungur. Ég held að ég hafi verið sex ára þegar ég byrjaði að læra að synda. Þetta var inni í laugum í Laugardag. Þetta var nú það sem var aðalskemmtunin. Við lékum okkur á götunum bara. Það var engan annan leikvöll að hafa en það. Það voru krakkarnir í hverfinu sem léku sér saman, þeir sem áttu heima þarna allt í kring. Þau héldu mikið hópinn. En yfirleitt fóru krakkar eitthvað að gera, eitthvað að starfa. Þeir voru ábyggilega svona sjö, átta, níu ára þegar þeir byrjuðu við breiðslu. Það var ekkert annað pláss að hafa en göturnar til að leika sér á, fyrir utan náttúrulega fjöruna sem var náttúrulega voðalega mikið notuð. Þar var ýmislegt að

p2

gera. Þöngulstríð og grafa eftir peningum sem voru þarna þar sem uppsátur var og svoleiðis. Það var alltaf eitthvað hægt að snúast. Strákar og stelpur voru saman í leikjum, það var ekkert verið að tvístra því í sundur. Aldurshóparnir gátu hlaupið á fjögurra, fimm ára millibili, en það var ekkert verið að skilgreina það í sundur, það gat verið misjafnt". Vilhelm segist ekki hafa orðið mikið var við það að krakkar úr Skuggahverfinu hafi leikið sér við krakka utan hverfisins. "Einstaka strákur, sem átti

heima svolítið lengra frá, kom inn í hópinn. En það var ekki mikið, þetta hélt sér svona saman. Þar sem rúmt var um menn og ekki var verið að amast við manni, þá hélt maður sig heldur þar. Sumum var voðalega illa við okkur og svo var maður fyrir á götunni. Sumum var illa við okkur þegar maður var alveg upp við gluggana hjá því. Sumir aftur á móti skiptu sér ekkert af því og þar hélt maður sig mest. Það var ekkert um það að krakkarnir í hverfinu eða í leikhópum litu á sig sem eitthvað sérstakan hóp. Nei, nei, það var ekkert svoleiðis... Í skólanum héldu þeir krakkar saman út skólann sem byrjuðu saman.

Það voru allir á svipuðu reki, það munaði kannski einu ári, eitthvað svoleiðis. Þetta voru um 25 krakkar í bekk. Það voru margir bekkir á sama reki. Það voru það margir krakkar í skólanum sko. Þetta var í Miðbæjarbarnaskólanum. Annar skóli kom ekki til greina þá. Þangað komu krakkar alls staðar að úr bænum. Þetta var eini barnaskólinn. Svo voru nú tímakennarar hingað og þangað, sem að krakkar fóru yfirleitt í undirbúning áður en þeir fóru í skóla. Ég t.d. var í tímakennslu hjá aðventista og lærði að lesa í Nýja testamentinu í biblíunni, las ekkert annað. Mikið af þessum krökkum voru eiginlega alveg læs þegar þau komu í skólann."

p3

Það var lítið félagslíf í skólanum eftir því sem Vilhelm segir. "Það er eins og gerist í dag, að krakkar draga sig saman. Þeir sem sátu saman fengu meiri kunningskap á milli sín, suma þekkti maður aldrei". Vilhelm segist ekki hafa verið með neinum sérstökum. En yfirleitt voru sömu krakkarnir alltaf saman í bekknum út skólann.

Strákar og stelpur voru saman í bekkjum. Það var líka blandað í bekki alls staðar að úr Reykjavík. Það var ekkert tekið til greina. "Það var nokkurn veginn raðað eftir því sem krakkar upphaflega...

Þegar maður var prufaður í skólanum þá var maður látinn lesa og svona. Það var raðað svona eftir getu og þeir krakkar héldu sér saman út skólann". Það voru fleiri krakkar úr Skuggahverfinu en Vilhelm í bekknum. Það voru krakkar þarna úr næstu húsum. Þau héldu ekkert sérstaklega saman í skólanum. Það voru aðallega stelpur. Vilhelm þorir nú ekkert að segja um það hvort þær héldu saman, hann fylgdist ekkert með því svoleiðis. "Krákkarnir voru alls staðar að úr bænum. Þeir voru jafnt austan úr bæ og vestan úr bæ. Í frímínútunum voru svona hlaup og leikir eins og gerist í dag. Ég get ekki ímyndað mér að það sé neitt breytt frá því sem var áður". Faðir Vilhelms var sjómaður og þess á milli, vertíða, vann hann við skipa... "Heimilið var nú ekki stórt hjá okkur. Það voru þrjú krakkar, tvær systur og svo ég. Plássíð var nú ekki meira en tvö lítil herbergi og eldað í öðru. Faðir Vilhelms hét Kristinn Egilsson, en móðir hans, Pálína Pálmadóttir. Þau voru bæði fædd í Reykjavík. Hún vann eitthvað utan heimilisins við fiskvinnu og breiðslu og svo eitthvað við þvott í búðum,

en það var nú ekki mikið. "Á heimilunum í Skuggahverfinu var þetta voðalega svipað. Þau voru þrjú, fjögur, fimm börn á heimili. Þarna í kringum okkur var sæmilega vel sett fólk. Það voru þarna kaupmenn og skipstjórar. Það var ekki illa statt fólk. Foreldrar og börn á heimilunum. Það bjó mjög þröngt. Að minnsta kosti við. Þetta voru gömul timburhús, byggð um aldamót. Þau voru nú ekki hlý. Það var

p4

ofn kannski til að hita upp bæði herbergin. Yfirleitt var þetta nú hálf primatift og gamaldags, sko, á móti því sem það er núna. Þetta var lítið hús, kjallari, ein hæð og ris. Og við bjuggum uppi í risinu, undir súð. Og niðri var, ég held að það hafi verið þrjú herbergi lítil og eldhús. Og yfirleitt var þetta mjög þröngt. Að vísu stendur þetta hús enn þann dag í dag, á horninu á Hverfisgötu og Vatnsstíg. Við vorum bara í risinu. Það var eldað í öðru herberginu og sofið í hinu. Það var engin sérstök stofa.

Það var lítið um bækur á heimilinu en maður hafði aðgang að bókum. Það var í KFUM, þar var safn, þar sem maður gat fengið lánaðar bækur og gat fengið að lesa. En það var ekki mikið af bókum á okkar heimili". Það voru allir strákar yfirleitt í KFUM og Vilhelm þar á meðal. "Ég held að það hafi varla verið að strákar hafi ekki verið með í KFUM". Það voru ekki önnur félög sem Vilhelm var í. Ekki þegar hann var krakki. "Aftur á móti þegar ég stækkaði, þá var ég mjög mikið í Íþróttafélagi Reykjavíkur. Ég var mikið í leikfimi þegar ég var strákur. Þetta var í endann á skólaverunni, þá var mér boðið að koma þarna inn. Og eftir það var ég lengi í Íþróttafélagi Reykjavíkur, að leika í leikfimi. Meira að segja var ég í sýningarflokki árum saman. KFUM var á þessum tíma á sama stað og það er núna. Það var hópur af krökkum sem mætti þarna á fundum á helgidögum og þeir voru eiginlega í fararbroddi að skipuleggja svona starfsemi fyrir unglinga, bæði fótboltafélög og söngflokkum. Það var nú eiginlega það eina sem var einhver driffjöður í, sko, og svo stúkum nátturulega, en ég var aldrei í því. Þeir gátu aldrei náð mér. Útileikir sem krakkar voru í, voru aðallega boltaleikir. Svo var kannski kastað yfir hús og kallað "yfir". Þetta var ósköp svona einfalt. Það var svo fábrotið sem það gat verið.

Krakkar voru í fótbolta. Það var nú ekki mikið um það í götunni sem ég var. Það var ekki pláss til þess.

p5

Það tók svona 2-3 tíma að breiða og svo varð að taka saman á kvöldin. Það var nú eiginlega það fyrsta sem maður gerði. Þetta var nú bara yfir sumarmánuðina sem fiskurinn var þurrkaður úti. Að vísu var allur fiskur þurrkaður úti. Það var nú eiginlega það fyrsta sem maður fékk peninga fyrir. Nú, svo fór maður í sendiferðir í búðir þegar maður hafði aldur til. Ég var níu ára þegar ég fór fyrst í sveit. Ég fór vanalega svona um miðjan maí og var þangað til um réttir, í september. Ég fór þarna fimm sumur að sama bæ, austur í Hvolshrepp. Skólinn byrjaði fljótlega eftir að ég kom heim í október. Ég var vanalega kominn austur fyr

ir sauðburð. Maður fór í skólann um kllukkan 8 á morgnana. Ég held hann hafi verið til klukkan eitt. Maður þurfti alltaf að búa sig undir skólann, manni var sett fyrir.

Maður var ekki við vinnu á veturna þegar maður var í skólanum. Þá var maður aðallega að leika sér. Maður var á Tjörninni, hún var mikið notuð í gamla daga. Þar var fólk á skautum". Vilhelm átti skauta sjálfur, byrlega skauta, 75 aura skauta. "Það var almennt," segir Vilhelm, "að krakkar ættu skauta. Það voru allir krakkar sem áttu skauta. Það kostaði sáralítið að kaupa skauta. Þeir kostuðu 75 aura þessir sem ég átti. Það var ekkert mikið. Það var mikið verið á sleðum og skíðum. Það var mikið verið á sleðum á götunum, þegar maður renndi sér frá Skólavörðunni, niður Frakkastíginn, alveg niður í fjöru á götunni. Nú mátti maður ekki gera þetta, en maður gerði það nú samt. Það var nú aðallega á veturna og þá var nú ekki verið að moka eða salta göturnar eins og núna. Maður bara gargaði: "Frá, frá". Bílarnir komu ekki fyrr en 1910-11, fyrstu bílarnir komu. Það voru margir á hjólum, það áttu margir hjól. Einstaka krakkar frá góðum heimilum áttu hjól. Svo var hægt að fá leigð hjól hjá Skólavörðunni, hjá Ólafi Magnússyni, sem átti Fálkann. Hann byrjaði á því að leigja hjól. Það kostaði sáralítið. Ég held

p6

að korterið hafi kostað 10 aura, eitthvað svoléiðis". (Vilhelm taldi upp heilmikið af nöfnum á húsum við Lindargötuna og víðar í Skuggahverfinu). Vilhelm segir að krakkarnir í Bjarnaborg hafi ekki verið í hóp með honum. "Þau voru langt í burtu.

Skuggahverfið miðaðist við frá Hverfisgötunni og niður að sjó. Þetta náði frá Sölvhól og Höfn, þar sem nú stendur Fiskifélagshúsið. Sölvhóll var svolítið ofar, líklegast þar sem Hæstiréttur? stendur núna. Og svo hétu húsin öll eitthvað, eftir að kom inneftir. Klöpp var nú alveg niður frá, niður við sjóinn. Og Bali við Klapparstíginn. Svo var nú einhver bær þar sem Landssmiðjan var. Ég er búinn að gleyma því hvað hann hét." (Hús og áttatáknun). "Stígarnir skiptu ekki máli í sambandi við það hvernig hverfinu var skipt niður. Krakkar hópuðu sig saman bara eftir því hvernig þeir bjuggu í hverfinu. Í frístundunum var aðallega farið inn í sundlaugar og þegar maður stækkaði þá fór maður í leikfimi á kvöldin og svo í fótbolta eins og gerist og gengur og svo á veturna var maður á skíðum og skautum.

Það voru vanalega bara tunnustafir sem maður renndi sér á til að byrja með. Við útbjuggum það sjálf, maður negldi bara táól yfir tána og renndi sér svo út á götuna.

Þetta er ósköp svipað eins og er hjá krökkum. Ég sé ekki mikinn mun á þessu. Ungu kynslóðin hefur náttúrulega úr miklu meira að spila núna heldur en var þá, en það leikur sér ósköp svipað, ég reikna með því alveg.